

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands Fundargerð

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands var haldinn föstudaginn 11. nóvember 2011 kl. 15:00 á bæjarskrifstofu Fjarðarbyggðar Reyðarfirði.

Mættir voru:

Breiðdalshreppur:	Páll Baldursson
Borgarfjarðarhreppur:	Jón Þórðarson
Djúpavogshreppur:	Gauti Jóhannesson
Fjarðabyggð:	Páll Björgvin Guðmundsson
Fljótsdalshreppur:	Gunnþórunn Ingólfsdóttir
Fljótsdalshérað:	Björn Ingimarsson
Seyðisfjörður:	Vilhjálmur Jónsson

Jafnframt sat fundinn Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands. Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps boðaði forföll. Fyrir fundinn bauð bæjarstjóri Fjarðarbyggðar fundarmenn velkomna Reyðarfjarðar og sýndi þeim húsakynni bæjarskrifstofu.

Dagskrá:

1. Setning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Ársreikningur 2010
5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012
6. Skoðunarmenn (tveir aðalmenn og tveir aðalmenn)
7. Önnur mál

1. Setning

Formaður stjórnar Skólaskrifstofu Gunnþórunn Ingólfsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Gunnþórunn Ingólfsdóttir gerði tillögu um að þeir nafnar tækju þessi störf að sér. Páll Björgvin fundarstjóri og Páll Baldurs. fundarritari. Samþykkt samhljóða, og tók Páll Bj. við stjórn fundarins.

3. Skýrsla stjórnar

Gunnþórunn Ingólfsdóttir formaður stjórnar lagði fram og fór yfir skýrslu stjórnar.

4. Ársreikningur 2010

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður fór yfir ársreikning Skólaskrifstofu fyrir árið 2010.

Heildartekjur voru kr. 43.816.384,- Heildargjöld kr. 45.344.977,- Fjármagnstekjur kr. 855.414,- Niðurstaða kr. -673.179,-

Að loknum umræðum var ársreikningur 2010 borinn upp og samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2012. Heildartekjur eru áætlaðar 53.773.397,- Laun og launatengd gjöld kr. 47.879.396,- og annar rekstrarkostnaður kr. 11.894.000,- Rekstrarhalli kr. 6.000.000,- greiddur úr sjóði.

Í umræðum um áætlunina, sem fundarmenn tóku flestir þátt í, var aðallega rætt um hvort rétt væri að gera ráð fyrir halla á rekstri sem greiddur væri úr sjóði.

Að loknum umræðum var fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 var borin upp og samþykkt samhljóða með eftirfarandi bókun. *Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands er meðvitaður um að með afgreiðslu á fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 með halla uppá kr. 6.000.000,- er verið að ganga á sjóð stofnunarinnar sem nú stendur á móti lífeyrisskuldbindingu. Það þýðir viðbótarskuldbindingu sveitarfélaganna vegna lífeyrisskuldbindinga. Ekki verði gengið lengra á sjóðinn ef rekstrarhalli verður viðvarandi.*

6. Skoðunarmenn (tveir aðalmenn og tveir varamenn)

Gunnþórunn Ingólfssdóttir lagði fram tillögu um:

Kristinn Briem Reyðarfirði og Þórodd Helgason Reyðarfirði sem aðalmenn og Andreu Borgþórsdóttir Reyðarfirði og Sigurlaugu Jónasdóttur Egilsstöðum til vara. Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

Gunnþórunn ræddi þróun nemendafjölda og velti fyrir sér áhrif þeirrar þróunar á verkefni Skólaskrifstofu. Sigurbjörn fór yfir verkefnastöðu skrifstofunnar. Í máli hans kom fram að biðtími geti verið allt að einu ári eftir sálfræðiþjónustu, en helsta vöntunin væri í talmeinaþjónustu þ.e. talþjálfun fyrir börn og ungmenni en hana vantaði svo til alveg inn í fjórðunginn. Í framhaldi spurðist Vilhjálmur Jónsson frekar um biðtíma vegna sálfræðiþjónustu.

Sigurbjörn fór yfir þau áhrif sem ný sérfræðireglugerð hefur varðandi greiningu og ráðgjöf. Jafnframt fór hann yfir efni bréfs frá Skólastjórnendafélagi Austurlands til sveitarfélaga vegna endurmenntunarsjóðs.

Gauti Jóhannesson vakti athygli á, vegna umræðu um endurmenntunarsjóði, á tíma þeim sem kennarar eiga að sinna endurmenntun í lok og upphafi hvers skólaárs, en um er að ræða um 150 tíma.

Björn Ingimarsson ræddi nauðsyn þess að fara yfir skipulag og verkefni Skólaskrifstofu til framtíðar.

Undir lok fundar þakkaði Sigurbjörn stjórn, skólum og starfsfólki fyrir gott samstarf á liðnu ári. Í framhaldi þakkaði Gunnþórunn fundarmönnum fyrir fundinn og óskaði þeim góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 16:30.

Fundargerð ritaði Páll Baldursson